

59. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 2. desember 2020, kl. 13:00 á netfundi.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Unnur Hafstað fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Fjármál

Lára gerði grein fyrir að fjárhagsáætlun lægi enn ekki fyrir. Í fjáráukalögum er dregið af framhaldsskólum vegna ofgreiddra launa (1,1 millj. af MTR). Inga Eiríksdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn undir þessum lið. Hún fór yfir stöðuna í dag og gerði grein fyrir breytingum sem orðið hafa í haust og áætlun sem skilað hefur verið inn. Gert er ráð fyrir að rekstur skólans verði með halla næsta ár.

2. Starfa- og fjárhagsáætlun

Lára lagði fram til kynningar stefnuskjal skólans til þriggja ára. Umræður um áætlunina.

3. Skólanámskrá, afgreidd á skólafundi

Skólanámskrá hefur ekki verið rædd á skólafundi þetta ár vegna aðstæðna. Skólanámskráin nær yfir allt skólastarfið og liggur á heimasíðu skólans. Námskráin er allt sem unnið er í skólanum.

4. Starfsmannamál, auglýsingar

Skólameistari gerði grein fyrir að kennari sem verið hefur í veikindaleyfi á haustönn komi til kennslu í janúar. Kennsla hefur verið áætluð fyrir vorönn. Gert er ráð fyrir að halda svipuðu kennslumagni og á haustönn.

5. Félagslíf

Gerð hefur verið tilraun hjá nemendafélaginu til að hafa rafrænt skemmtikvöld. Annað getur ekki farið fram vegna aðstæðna. Nemendur vinna hins vegar talsvert mikið saman rafrænt í þeim aðstæðum sem nú ríkja.

6. Önnur mál

7.1 Skólastarfið

Skólameistari gerði grein fyrir aðstæðum í skólastarfi undanfarið. Áætlað var að fá nemendur í staðnám í húsi í þessari viku. Nemendur komu sínum sjónarmiðum á framfæri og óskuðu eftir að fá að ljúka önninni í fjarnámi.

7.2 Saga skólans

Skólameistari sýndi sögu skólans sem verið er að vinna á vef skólans. Óskar Þór Halldórsson hefur unnið að henni. Nú vinnur hann að því að setja fram kafla um hugmyndafræðina og það starf sem unnið er í skólanum. Hann tekur viðtöl við

starfsmenn og tengir við góð dæmi úr skólastarfinu. Talið var mikilvægt að festa það í söguna.

Ásgeir Logi gerði athugasemdir við ákveðna þætti í ritun sögunnar og Dóróþea tók undir mikilvægi sögu menntunarfræðinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00 .